

Fundargerð aðalfundar FENÚR árið 2012

Staður og stund: Hlégarður Mosfellsbæ, 30. mars 2012 kl. 11:15.

Formaður Ragna I. Halldórsdóttir bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Ragna lagði til að Herdísí Sigurjónsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ yrði fundarstjóri og Guðmundur B. Friðriksson fundarritari. Samþykkt með lófaklappi.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður las skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. Skýrslu stjórnar má nálgast á heimasíðu Fenúr, www.fenur.is. Stjórnin hélt sjö fundi á liðnu ári. Meðal annars var unnið að endurskoðun samstarfssamnings Fenúr við Sorpu, undirbúningi haustráðstefnu, þróun flokkunarmerkja Fenúr og virkni heimasíðu fagráðsins. Fundir NAF og ISWA voru ekki sóttir af formanni og Fenúr fréttir lágu niðri. Í kjölfar aðalfundar 2011 var haldin ráðstefnan „Úrgangsmál í brennideplinum“ þar sem farið var yfir úrgangsmál sem helst voru í umræðunni sl. mánuði. Haustferð Fenúr var farin í nóvember norður á Akureyri með viðkomu á Blönduós. Formaður vakti athygli félagsmanna á markmiðum fagráðsins og sagði verkefni þess næg, margt óunnið. Ragna hefur setið sem formaður sl. þrjú ár. Hún gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu og þakkaði samstarfið.

Opnað var fyrir umræðu um skýrslu stjórnar áður en farið var yfir reikninga fagráðsins. Formaður sagði eitt af markmiðum Fenúr væri að hafa áhrif á setningu laga og reglugerða varðandi úrgang. Félagsmenn eru breiður hópur með ólíka hagsmuni. Þar af leiðandi hefur stjórn fagráðsins vísað frá sér beiðnum sem borist hafa um umsagnir um breytingar á lögum og reglugerðum. Formaður spurði hvort ástæða væri til að endurskoða markmið fagráðsins í ljósi þessi. Jón Steingrímsson tók undir með formanni, félagsmenn veita hver um sig umsagnir, endurskoða þurfi markmið fagráðsins fyrir næsta aðalfund. Guðmundur Tryggvi Ólafsson spurði hvort fagráðið ætti að ræða og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um fyrirhugaða breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs. Fundarstjóri sagði það þá þurfa að vera samantekt á mismunandi sjónarmiðum félagsmanna, ný stjórn yrði að taka þetta mál fyrir og ræða.

2. Ársreikningar 2011 og starfs- og rekstraráætlun 2012

Már Karlsson, gjaldkeri, gerði grein fyrir ársreikningi fagráðsins fyrir sl. starfsár. Ársreikninginn má nálgast á heimasíðu Fenúr, www.fenur.is. Tekjur voru af félagsgjöldum, sölu flokkunarmerkja og ráðstefnugjöldum. Helstu gjaldaliðir voru líkt og fyrri ár þjónustusamningur við Sorpu og prentun flokkunarmerkja. Kostnaður við ráðstefnuhald var nokkuð hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir þar sem ferðakostnaður við haustráðstefnu fór í gegnum fagráðið. Tekjur af ráðstefnugjöldum komu á móti. Afskrifa þurfti nokkuð af eldri úréltum prentuðum flokkunarmerkjum og kostnaður við heimasíðu var hærri en undanfarin ár vegna endurnýjunar hennar. Rekstrarreikningur fagráðsins árið 2011 var því neikvæður um rúmar 115 þús. kr.

Rekstraráætlun Fenúr er svipuð og undanfarin ár en hana má nálgast á heimasíðu fagráðsins. Gert er ráð fyrir svipuðum tekjum af félagsgjöldum og flokkunarmerkjum. Leitast verður við að draga úr kostnaði við þjónustusamning um rekstur skrifstofu en gjaldkeri telur fagráðið ekki standa undir svo háum þjónustugjöldum til lengdar. Stefnt er að þátttöku formanns í ráðstefnum NAF og ISWA og útgáfu fréttablaðs Fenúr en kostnaður við viðhald heimasíðu og

afskriftir flokkunarkerkja verði mun minni. Gert er ráð fyrir nokkurri afskrift félagsgjalda á næsta starfsári.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um reikninga fagráðsins og rekstraráætlun. Jón Steingrímsson spurði um afskriftir félagsgjalda á næsta ári. Már sagði þær stafa af nýjum félögum sem höfðu skráð sig í fagráðið en ekki gerst virkir félagar. Benóný Ólafsson spurði hvernig félagsgjöld eru ákvörðuð og gerðu gjaldkeri og formaður grein fyrir því. Formaður sagði að einnig þyrfti að afskrifa eitthvað af eldri útistandandi félagsgjöldum. Reikningarnir og áætlunin voru þá borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

4. Tillögur um breytingu á samþykktum FENÚR

Engar tillögur höfðu borist fyrir fundinn.

5. Kjör formanns

Fundarstjóri sagði sitjandi formann ekki gefa kost á sér. Hafsteinn H. Gunnarsson varaformaður bauð sig fram til formanns. Fleiri framboð bárust ekki og var kjör Hafsteins samþykkt með lófaklappi.

6. Kjör annarra stjórnarmanna

Stjórnarmenn eru kjörnir til þriggja ára í senn og voru fjögur sæti laus í stjórn. Framboð voru þrjú, Ásmundur Einarsson hjá Hringrás, Ingbór Guðmundsson hjá Gámaþjónustunni, Eiður Guðmundsson hjá Moltu og Már Karlsson hjá Úrvinnslusjóði. Fundarstjóri spurði hvort fleiri biðu sig fram. Jón Steingrímsson bauð sig þá fram til stjórnar. Formaður taldi það hins vegar ekki samræmast samþykkt fagráðsins, framboð yrðu að berast stjórn fyrir aðalfund. Var því kostið um framangreinda fjóra aðila. Umræður urðu um kennitölur og atkvæði félagsmanna. Gámaþjónustan er með 10 kennitölur en eitt atkvæði. Rætt var um að samræma atkvæðavægi og félagsgjöld og var nýrri stjórn falið að skoða það. Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir framboðsræður og tóku allir frambjóðendur til máls. Fram fór leynileg kosning og voru Ingbór, Eiður og Már kosnir í stjórn.

Varamenn í stjórn eru tveir og kjörnir til eins árs í senn. Ragna Halldórsdóttir fráfarandi formaður og Guðmundur Tryggvi Ólafsson gáfu kost á sér og voru þau kosin með lófaklappi.

7. Kjör skoðunarmanna

Jón Steingrímsson og Gunnar Bragason gáfu áfram kost á sér og voru kosnir með lófaklappi.

8. Önnur mál

Benóný Ólafsson sagði óheppilegt að aðalfundur fagráðsins væri á sama degi og ársfundur Umhverfisstofnunar. Formaður útskýrði að fundur fagráðsins hefði verið auglýstur og póstur m.a. sendur á sviðsstjóra hjá Umhverfisstofnun með nokkuð löngum fyrirvara. Guðmundur Tryggvi tók undir athugasemdir Benónýs og sagði að fundur fagráðsins hefði verið boðaður með fjögurra vikna fyrirvara en Umhverfisstofnun hefði sett sinn fund ofan í fund Fenúr.

Ný formaður, Hafsteinn H. Gunnarsson steig í pontu, þakkaði kosninguna og kynnti sig og áherslu mál sín. Sagði hann að skerpa þyrfti á markmiðum fagráðsins, þjappa hópnum betur saman og vera sýnileg. Fenúr geti haft áhrif þó svo sjónarmið félagsmanna séu mismunandi.

Fleira var ekki rætt, fundarstjóri þakkaði fundarsetu og sleit fundi kl. 12:20.